



Hafnarfjarðarbær
Norðurhella 2
Umhverfis- og skipulagssvið,
Skipulagsfulltrúi

2001002

Dags. 6.júlí 2020

Efni: *Skipulagslýsing til umsagnar, Hafnarsvæði, reitir H1 og H2 – breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025*

Óskað er eftir umsögn frá HS Veitum vegna fyrirhugaðar breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, reita H1 og H2.

Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna reita H1 og H2 á Hafnarsvæði í miðsvæði M5 mun hafa áhrif á allt veitukerfi HS Veitna á svæðinu.

HS Veitur reka og eiga 4 dreifistöðvar innan breytingarsvæðisins. Breyting á staðsetningu þeirra mun hafa áhrif á rafmagnsdreifingunna sem og mögulega götulýsingu Hafnarfjarðabæjar. Breyta þarf veitukerfinu sem og leggja nýjar lagnir, styrkja kerfið.

- Óskað er eftir góðri samvinnu á deiliskipulagsstigi, mögulega er hægt að nýta eitthvað af núverandi kerfi.
Í tilfellum þar sem þörf verður á flutningi, fjarlagningu dreifistöðva er óskað eftir því að lóðarhafar nýju skipulagsreitana greiði HS Veitum ef þörf verður á niðurtækt núverandi dreifistöðva skv. fasteignamati ríkisins. En sú fjárhæð mun renna uppí niðurtöku og fjarlagningu á dreifistöðvunum.
- Óskað er eftir lóðarreitum undir dreifistöðvar innan fyrirhugaða skipulags og mun lóðarhafi nýju skipulagsreita þurfa bera kostnaðinn vegna þessa þ.e. deiliskipulagsbreytingar, hönnun lóðarreita og afsal lóðarreita yfir á HS Veitur ásamt þinglýsingargjöldum.
Áætla má að heildarþörf dreifistöðva á skipulagssvæðinu Fornubúðum verði tvær, en í dag er ein í rekstri og er óskað eftir að hún haldi sér.
Áætla má að heildarþörf dreifistöðva á Flensborgarhöfn verði ein til tvær, í dag er ein dreifistöð í rekstri sem hægt væri að nýta. Vegna Óseyrarhverfi má áætla að þörf verði fyrir tvo dreifistöðvarreiti.
Ekki er hægt að greina nánar magn né staðsetningu fyrr en deiliskipulagsvinna er hafin, því er óskað eftir góðri samvinnu á deiliskipulagsstigi.

Með kærri kveðju
f.h. HS Veitna hf

Kristján Örn Kristjánsson
Svæðisstjóri í Hafnarfirði